

## Almennar skýringar

ATH

Almennar skýringar gilda ekki ef annað kemur fram á teikningum eða verklýsingu.

Frágangur lagna á að uppfylla ákvæði

- IST 200 "Raflagnir Byggingar"
- Tæknilegra tengiskilmála raforkudreifingar "TTR"
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Teikningar og tákn eru táknræn og sýna í aðalatriðum hvers óskað er. Það ber að samræma lagnir að tækjum eftir aðstæðum á staðnum og eftir sérteikningum. Samþykki verkkaupa skal fá fyrir öllum frávikum frá teikningum

Allur búnaður skal vera CE-merktur.


1. Málsetningar eru almennt í mm nema á afstöðumynd þar sem þær eru í m, allir kótar eru í m
2. Öll mál miðast við fullfrágengið gólf, loft eða vegg og í miðjan tengipunkt, nema annað sé tekið fram á teikningu
3. Uppgefin hæð lagnastiga er í neðri brún nema annað sé tekið fram
4. Fara skal eftir fyrirmælum framleiðanda varðandi gerð upphengju lagnabakka og fjarlægð á milli þeirra
5. Í alla stiga skal setja skilrúm til aðgreiningar lág- og smáspennulagna.
6. Í strengstiga skal leggja 16mm<sup>2</sup> Cu beran koparvív og binda í hverja stigaeiningu
7. Öll rör að og milli rofa eru 20mm\*
8. Öll rör í almenna tengla eru 20mm\*
9. Öll rör í smáspennutengla og smáspennudósir eru 20mm\*
10. Þar sem rör eru lögð hlið við hlið í steypu, skal bilið á milli þeirra vera minnst 30mm, eða þannig að steypa geti auðveldlega runnið á milli þeirra
11. Staðsetning búnaðar/íhluta miðast við fullfrágengið gólf, loft eða vegg og í iðjan tengipunkt/miðja dós\*
12. Rofa skal staðsetja 150mm frá hurðargati
13. Hæð rofa er 1100mm\*
14. Hæð rafmagns- og smáspennutengla er 200mm\*
15. Þéttleiki rafbúnaðar skal vera í samræmi við reglugerð HMS
16. Öll tákn eru táknræn og ber að samræma lagnir að tækjum eftir aðstæðum á staðnum og sérteikningum
17. Til varnar of hárrí snertispennu skal nota núllun og lekastraumsvörn
18. Frágangur sökkulskauta/sérskauta skal vera í samræmi við TTS og rafveitu
19. Jarðbinda skal málmhluta lagna, tækja, lampa, loftræsistokka og rafbúnaðar, einnig skal jarðbinda niðurföll í sturtu séu þau úr málm
20. Vatnslagnir fyrir heitt vatn (framrás og bakrás) og kalt vatn, skal jarðbinda samkvæmt kröfum rafveitu og skila mælingum þar um til rafveitu
21. Raða skal fösum (L1, L2, L3) rétt niður á straumskinnur og greinar þannig að tryggt sé að rétt fasaröð haldist að 3ja fasa tækjum og álag milli fasa sé sem jafnast
22. Brunapéttingar skulu vera í samræmi við brunapól þess veggjar/flatar sem hún er í
23. Brunapéttiefni skulu a.m.k. uppfylla öryggisreglur og vera samþykkt af HMS
24. Prófanir efnanna skulu hafa farið fram skv. EN 1366-3/4

\*Nema annað sé tekið fram á teikningu.

## Breytingatákn

Dregið verður ský utan um allar breytingar, sem gerðar eru á milli útgáfa á hverri teikningu.

Breyting og svæði í biðstöðu eru sýnd sem



Svæði í biðstöðu

## Rafstrengir

### Ídráttarvív

**Cu PVC ÍV**

Einþættur koparleiðari með PVC einangrun, 450/750V, hámarks hitastig leiðara 70°C. Leiðari að gerð H07V-U eða sambærilegt.

### Kraftstrengir

**Cu PVC**

Plaststrengur með einþættum koparleiðurum og PVC einangrun, 300/500V, hámarks hitastig leiðara 70°C. Litamerkingar skulu fylgja SAM HD 308-S2. Strengur að gerð NYM eða sambærilegt.

**Cu XLPE**

Aflstrengur með fínþættum koparleiðurum og XLPE einangrun, 0,6/1kV, hámarks hitastig leiðara 90°C. Litamerkingar skulu fylgja SAM HD 308-S2. Strengur að gerð RV-K eða sambærilegt.

**Cu XLPE H**

Halógenfrír aflstrengur með fínþættum koparleiðurum og XLPE einangrun, 0,6/1kV, hámarks hitastig leiðara 90°C. Litamerkingar skulu fylgja SAM HD 308-S2. Strengur að gerð RZ1-K eða sambærilegt.

**Cu XLPE B**

Brunapólinn aflstrengur með fínþættum koparleiðurum og XLPE einangrun, 0,6/1kV, hámarks hitastig leiðara 90°C. Litamerkingar skulu fylgja SAM HD 308-S2. Strengur að gerð SZ1-K eða sambærilegt.

**AI XLPE**

Aflstrengur með einþættum álleiðurum, skermingu og XLPE einangrun, 0,6/1kV, hámarks hitastig leiðara 90°C. Litamerkingar skulu fylgja SAM HD 308-S2. Strengur að gerð AXQJ eða sambærilegt.

### Fjarskiptastrengir

**Cat 5e UTP**

Óskermaður fjarskiptastrengur, parsnúinn af gerð Cat 5e.

**Cat 5e FTP**

Skermaður fjarskiptastrengur, parsnúinn af gerð Cat 5e.

**Cat 6a UTP**

Óskermaður fjarskiptastrengur, parsnúinn af gerð Cat 6a.

**Cat 6a FTP**

Skermaður fjarskiptastrengur, parsnúinn af gerð Cat 6a.

### Brunakerfisstrengir

**Cu Brunak.**

Halógenfrír brunastrengur einþættum koparleiðurum og skermingu, 300/500V, til notkunar í brunaviðvörðunarkerfum. Strengur að gerð FP200 Gold eða sambærilegt.

### Stýristrengir

**Cu Stýristr.**

Stýrisstrengur með fínþættum koparleiðurum og PVC einangrun, 300/500V, hámarks hitastig leiðara 80°C. Strengur að gerð Ölflex 108 eða sambærilegt.

**Cu Stýristr. skerm.**

Skermaður stýrisstrengur með fínþættum koparleiðurum og PVC einangrun, 300/500V, hámarks hitastig leiðara 80°C. Strengur að gerð Ölflex 115 CY eða sambærilegt.

**2x2x0,8q Cu BUS**

Skermaður merkjastrengur fyrir KNX/EIB kerfi, PVC einangrun.

## Teikningarnúmer

01 3 16 00

Hlaupandi teikninganúmer

Undirflokkur  
Almennar teikningar  
3 = Afstöðumynd  
4 = Raflagnir í lóð  
5 = Sníðmyndir  
6 = Skýringamyndir

Lágspenna  
1 = Einlínumyndir  
2 = Raflagnir í steypu  
3 = Spennuöfnun, jarðbindingar, jarðskaut  
4 = Lagnaleiðir  
5 = Lampaflan  
6 = Almennar raflagnir, ljós og tenglar  
7 = Almennar raflagnir, tenglar og búnaður  
8 = Loftræsti-, kæli- og hitakerfi

Smáspenna  
1 = Fjarskiptakerfi  
2 = Aðgangs- og öryggiskerfi  
4 = Brunaviðvörðunarkerfi  
5 = KNX stýrikerfi  
6 = Bus neyðarlýsing  
7 = Hljóð- og myndkerfi  
8 = Sjúkrakallkerfi

Kerfis-rásateikningar  
1 = Fjarskiptakerfi  
2 = Aðgangs- og öryggiskerfi  
4 = Brunaviðvörðunarkerfi  
5 = KNX stýrikerfi  
6 = Bus neyðarlýsing  
7 = Stýrivélar  
8 = Lágspenna, töflur og lagnadreifing

Aðalflokkur  
0 = Almennar teikningar (skýringar)  
1 = Lágspenna  
3 = Smáspenna  
5 = Kerfis- og rásateikningar  
6 = Iðnstýringar

Fag flokkur  
3 = Raflagnir

Hæð mannvirkis  
00 = Kjallari  
01 = Jarðhæð  
02 = 2. hæð o.s.frv.  
XX = Sníð og deili teikningar (ekki í neinni sérstakri hæð)

## Töfluheiti

Tx.x

Hlaupandi teikninganúmer (Aðaltalfa hefur endinguna 0)

Tafla er staðsett á viðkomandi hæð  
0 = Kjallari  
1 = Jarðhæð  
2 = 2. hæð o.s.frv.

Kerfi töflu  
T = Lágspenna  
TS = Smáspenna  
TA = Aðgangskerfi  
TB = Brunaviðvörðunarkerfi  
TÖ = Öryggiskerfi  
TL = Loftræsikerfi  
TN = Neyðarlýsing  
TBL = Brunalokur  
ST = Stjórnskápur

## Greinamerkingar

Greinar að töflum eru ekki alltaf sýndar í öllum tilvikum. Þær eru þá merktar viðkomandi töflu.

Greinamerkingadæmi


+T1.2-F2.1.3 er grein "F2.1.3" í töflu "T1.2" (tafla nr. 2. á 1.hæð)

Plús fyrir framan greinamerkingu er fyrsta dós í töflu

Móttekið  
06. mars 2022  
fh. byggingarfulltrúans í Hafnarfirði  
Róbert A. Róbertsson

Vatn 3.11.2022 10:32:18 Úpsetning 03.11.2022

Útg.	Dags.	Skýring	Br. af:	Yfir:
A	03.11.2022	Verkefning		



## Sníð númera kerfi

Kerfi Merking

03	AA
04	BA
12	CA
13	DA
14	EA
15	FA
16	GA
17	HA
18	IA
31	JA
32	KA
34	LA
35	MA



Hringhamar 31-33  
221 Hafnarfjörður

Rafkerfi  
Skýringar

TEIKNINGARNÚMÉR	BLAÐSTÆRFD	HANNAÐ	GESIÐ/PWM
100488	A1	TEKNAÐ	LRR/PWM
xx_3_06_01		YFRFARÐ	Afd

DAGS.	MÆLIKVARÐ	ÚTGÁFA
03.11.2022		A

Útgáfunúmer og dagsetning aðskráðarar:

Höfundur: Gunnar Egill Sveinsson - kt. 220461-5569

Höfundarstjóri: Hallur Kristmundsson - kt. 220573-3899